

## Leiðbeiningar fyrir Blues rafmagnshjólastóla

### Snúningur á setu:

Hægra megin við seteiningu. Ýtið handfangi annað hvort til **hægri eða vinstri** – **ekki upp/niður** og snúið setur til hliðar. Stoppar sjálfkrafa. Hentar vel þegar verið er að hjálpa viðkomandi út úr stólnum.



→ Snúningur setu

### Stjórnborð:

Á mynd er hægt að sjá að **vinstra megin er lyftan** og hægra megin er **vinkill setu/baks**.



→ Vinkil stilling á setu og baki

→ Rafmagnslyfta

### Frígír:

Ef rafmagnsstólinn stoppar vegna rafhlaða hefur tæmst eru tvö handföng aftan á skel rafskutlunnar. Snúa handfangi til hliðar og nú er hægt að ýta stólnum áfram. Muna að setja handföng aftur á sinn stað – annars er ekki hægt að keyra rafskutluna.



→ Frígír

### Hleðsla á batteríum:

Á stjórnborði efst eru ljós sem segja til um hve mikil hleðsla er á batteríum.

**Grænt:** Fullhlaðinn

**Gult:** Tími til að hlaða

**Rautt:** Mikilvægt að hlaða



Hér byrtist grænt, gult og rautt ljós er sýnir hleðslu.

Mælt er með að hlaða batterí hvert kvöld svo rafmagnsstólinn sé ávalt full hlaðinn.  
Hleðslu er stungið inn undir stjórnborð.

Ef spurningar vakna vinsamlegast hafið samband við Svövu Guðmundsdóttir iðjuþjálfu,  
S: 5600-913 eða [svava@akarlsson.is](mailto:svava@akarlsson.is)